

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 24. júní 1945.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna og mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr Sunnlendingafjórðungi (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 840 meðmælendur, en mest 1680.

Úr Vestfirðingafjórðungi (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 430.

Úr Norðlendingafjórðungi (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 305 meðmælendur, en mest 610.

Úr Austfirðingafjórðungi (N.-Þingeyjarsýslu—A-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 140 meðmælendur, en mest 280.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðherrann, 10. marz 1945.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvennskonar vegabréf, diplomatísk vegabréf og almenn vegabréf.

2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa og þjóðerni, stöðu, fæðingarstað, fæðingardag og ár, heimilisfang, tungu, hæð, háralit, augnalit og sérkenni.

Í vegabréf skal enn fremur líma nýlega mynd af vegabréfshafa, og skal stimpla hana með embættisinnsgli ráðuneytisins, á þann hátt, að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar á vegabréfinu.

Taka skal fram í vegabréfi til hvað langs tíma það skal gilda.

Vegabréfshafi skal skrifa nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir myndina. Að því loknu skal skrifa útgáfudag í vegabréfið, undirskrifa það og setja embættisinnsgli ráðuneytisins við undirskriftina.

3. gr.

Halda skal ráðuneytið sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplomatísk vegabréf, hina yfir almenn vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið. Þá skal einnig líma mynd af vegabréfshafa inn í hlutaðeigandi skrá.